

KJARASAMNINGUR

SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

og

**KENNARASAMBANDS ÍSLANDS
vegna
FÉLAGS GRUNNSKÓLAKENNARA**

**GILDISTÍMI:
1. DESEMBER 2017 til 30. JÚNÍ 2019**

EFNISYFIRLIT:

1. FRAMLINGING GILDANDI KJARASAMNINGA.....	3
2. MÁNAÐARLAUN.....	3
3. SÉRSTAKAR EINGREIÐSLUR.....	3
4. STARFSHEITI OG RÖÐUN Í LAUNAFLOKKA.....	4
5. PERSÓNUÁLAG VEGNA VIÐBÓTARMENNTUNAR	5
6. PERSÓNUÁLAG VEGNA VIÐBÓTARMENNTUNAR LEIÐBEINENDA 3 OG 4	6
7. ANNARUPPBÓT	7
8. VINNUTÍMI KENNARA Í GRUNNSKÓLA.....	7
9. VINNUSKYLDA VEGNA NÁMSKEIÐA OG Í ÓHEFÐBUNDNU SKÓLASTARFI.....	9
10. NEMENDAFERÐIR, GREIÐSLUR FYRIR UMSJÓN.....	10
11. LEIÐSÖGN NÝLIÐA	10
12. SKAÐABÓTAKRAFA.....	11
13. STARFSÞRÓUN.....	11
14. SAMSTARFSNEFND	13
15. TÆKNIFRJÓVGUN	14
16. GILDISTÍMI OG SAMNINGSFORSENDUR	14
17. BÓKANIR.....	15
18. FYLGISKJAL 1: LAUNATÖFLUR	16

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA OG KENNARASAMBAND ÍSLANDS VEGNA FÉLAGS GRUNNSKÓLAKENNARA

**gera með sér svofellt samkomulag um breytingar og
framlengingu á kjarasamningi aðila**

1. FRAMLENGING GILDANDI KJARASAMNINGA

Kjarasamningur aðila framlengist frá 1. desember 2017 til 30. júní 2019 með þeim breytingum sem í samkomulagi þessu felast og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

2. MÁNAÐARLAUN

Grein 1.1.1 breytist og hljóði svo:

1.1.1 Föst mánaðarlaun

Föst mánaðarlaun starfsmanns sem gegnir fullu starfi skulu greidd samkvæmt launatöflum 1 og 2 í fylgiskjali 1.

Launatafla 2 tekur gildi frá og með 1. júní 2018 og gildir fyrir alla starfsmenn þar til nýr menntunarkafli tekur gildi frá og með 1. ágúst 2018.

Launatafla 1 tekur gildi frá og með 1. ágúst 2018 og gildir um þá starfsmenn sem velja að taka laun samkvæmt gr. 1.3.2.1 og um þá starfsmenn sem ráðnir eru til starfa eftir 1. ágúst 2018.

Launatafla 2 gildir áfram frá og með 1. ágúst 2018 fyrir þá starfsmenn sem velja að taka laun samkvæmt gr. 1.3.2.2.

Launatafla 2, gildistími: 1. júní 2018 til og með 30. júní 2019

Launatafla 1, gildistími: 1. ágúst 2018 til og með 30. júní 2019

Útgefin launatafla hverju sinni nær yfir alla launaflokka sem miðað er við í kjarasamningi þessum.

Föst laun skulu að öllu jöfnu greidd eftir á, fyrsta virka dag hvers mánaðar.

Þeir starfsmenn sem við undirritun þessa samnings eru á fyrirfram greiddum launum eiga rétt á að halda því fyrirkomulagi.

3. SÉRSTAKAR EINGREIÐSLUR

Grein 1.1.4 breytist og hljóði svo:

1.1.4 Sérstakar eingreiðslur á samningstíma

Þann 1. júlí 2018 skal greiða hverjum starfsmanni sem var í fullu starfi í maí 2018 sérstaka eingreiðslu að upphæð kr. 150.000. Upphæðin greiðist hlutfallslega miðað við starfstíma og starfshlutfall í maí 2018.

4. STARFSHEITI OG RÖÐUN Í LAUNAFLOKKA

Grein 1.3.1 breytist og hljóðar svo frá og með 1. ágúst 2018:

1.3.1 Starfsheiti og röðun grunnskólakennara í launaflokka

Grunnskólakennari (lfl. 233)

Hefur réttindi og sinnir störfum grunnskólakennara í samræmi við lög, aðalnámskrá og skólanámskrá.

Danskennari (lfl. 233)

Danskennari með viðurkenningu frá Dansráði Íslands vegna starfa sem danskennari.

Umsjónarkennari (lfl. 235)

Uppfyllir skilyrði sem grunnskólakennari og hefur umsjón með nemendum í bekk/námshópi. Hver nemandi skal hafa einn umsjónarkennara (sbr. lög nr. 91/2008 13 gr.).

Sérkennari (lfl. 235)

Uppfyllir skilyrði sem grunnskólakennari og hefur á hendi sérkennslu skv. skilgreiningu 2.gr. reglugerðar nr. 585/2010 um sérkennslu sem nemur a.m.k. 50% af starfi.

Náms- og starfsráðgjafi 1 (lfl. 236)

Uppfyllir skilyrði sem náms- og starfsráðgjafi skv. skilgreiningu laga nr. 35/2009 og er náms- og starfsráðgjafi í 25-49% starfi.

Náms- og starfsráðgjafi 2 (lfl. 238)

Uppfyllir skilyrði sem náms- og starfsráðgjafi skv. skilgreiningu laga nr. 35/2009 og er náms- og starfsráðgjafi í hálfu starfi eða meira.

Verkefnistjóri 1 (lfl. 238)

Uppfyllir skilyrði sem grunnskólakennari og er í 20% - 49% verkefnastjórn.

Verkefnisstjóri 2 (lfl. 241)

Uppfyllir skilyrði sem grunnskólakennari og er í 50% - 100% verkefnastjórn.

1.3.1.1 Starfsheiti og röðun leiðbeinenda í launaflokka

Leiðbeinandi 1 (lfl. 226)

Hefur öðlast heimild til að kenna nemendum skv. undanþágu.

Leiðbeinandi 2 (lfl. 228)

Hefur öðlast heimild til að kenna nemendum skv. undanþágu og er í kennaranámi við háskóla (B.Ed námi).

Leiðbeinandi 3 (lfl. 228)

Hefur öðlast heimild til að kenna nemendum skv. undanþágu og hefur lokið háskólaprófi s.s BA/BS. sem nýtist í starfi.

Leiðbeinandi 4 (lfl. 229)

Hefur lokið B.Ed. prófi í grunnskólakennarafræðum eða hefur leyfisbréf á öðrum skólastigum og hefur öðlast heimild til að kenna nemendum skv. undanþágu.

Takist ekki að fela kennara með leyfisbréf umsjón með nemendum í námshópi, má fela leiðbeinanda með undanþágu það verkefni (sbr. 13 gr. laga nr. 91/2008). Hann raðast þá 2 fl. hærra en ella.

Grein 1.3.1 gildir frá og með 1. ágúst 2018.

5. PERSÓNUÁLAG VEGNA VIÐBÓTARMENNTUNAR

Persónuálag vegna viðbótarmenntunar grunnskólakennara og náms- og starfsráðgjafa.

Grein 1.3.2 breytist og hljóði svo frá 1. ágúst 2018:

1.3.2 Persónuálag vegna viðbótarmenntunar grunnskólakennara og náms- og starfsráðgjafa.

1.3.2.1 Fyrir hverjar 30 ECTS einingar í háskólanámi, umfram grunnám til B.Ed prófs eða annað sambærilegt bakkalárpróf fær starfsmaður með leyfisbréf til kennslu í grunnskóla 2% persónuálag, enda nýtist námið í starfi hans. Sama gildir um náms- og starfsráðgjafa sem hafa leyfi til að starfa sem slíkir.

Hækkun samkvæmt grein þessari skal taka gildi næstu mánaðamót eftir að starfsmaður leggur fram staðfest námsferilsyfirlit frá viðkomandi háskóla til vinnuveitanda. Á námsferilsyfirliti skal koma fram yfirlit yfir loknar ECTS einingar.

Meginreglan við mat á námi er sú að einingar eru aldrei tvítaldar og að námið nýtist í starfi. Hámark persónuálags samkvæmt greininni er 16%.

Starfsmaður sem hefur lokið formlegu doktorsprófi fær 6% til viðbótar enda hafi hann skilað prófskírteini frá viðkomandi háskóla.

Starfsmenn sem fá menntun metna samkvæmt ofangreindu taka laun eftir launatöflu 1.

1.3.2.2 Grunnskólakennarar og náms- og starfsráðgjafar sem voru í starfi fyrir 1. ágúst 2018 og hafa fengið launaflokka skv. gr. 1.3.2 í kjarasamningi aðila er gildi til 30. nóvember 2017 geta valið að halda þeim launaflokkum og taka laun samkvæmt launatöflu 2.

Starfsmaður sem valið hefur ofangreinda leið getur ekki fengið launaflokka til viðbótar vegna frekari viðbótarmenntunar skv. gr. 1.3.2 í kjarasamningi aðila sem gildi til 30. nóvember 2017.

Starfsmaður, sem tekur laun samkvæmt launatöflu 2, getur óskað eftir því að færast á launatöflu 1 og fá menntun sína metna samkvæmt gr. 1.3.2 í gildandi kjarasamningi aðila.

Starfsmaður sem hefur tekið laun samkvæmt kjarasamningi Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara fyrir 1. ágúst 2018 heldur ofangreindum rétti til að velja um launatöflu 1 eða 2, komi hann aftur til starfa sem grunnskólakennari eða náms- og starfsráðgjafi.

Í samningi aðila sem var í gildi frá 1. desember 2016 til 30. nóvember 2017 var grein 1.3.2 svohljóðandi:

Grein 1.3.2 Viðbótarflokkar vegna prófa og leyfisbréfa

Hafi leiðbeinandi, grunnskólakennari, umsjónarkennari, verkefnastjóri, sérkennari eða náms og starfsráðgjafi 30 ECTS eininga sérhæft viðbótarnám á háskólastigi eða 60 ECTS eininga framhaldsnám í fagi á háskólastigi eða leyfisbréf sem framhaldsskólakennari eða leikskólakennari hækkar röðun hans um einn launaflokk.

Frá 1. janúar 2006 verður tekið tillit til viðbótarnáms í list- og verkgreinum sem jafna má til háskólaeininga þótt aflað sé í skólum sem ekki eru viðurkenndir á háskólastigi. Hér er vísað til náms í Myndlista- og handíðaskólanum, Leiklistarskóla Íslands, Tónlistarskóla FÍH og hliðstæðum skólum. Samstarfsnefnd skal setja reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og meta einingagildi náms í hverju tilfalli.

Hafi leiðbeinandi, grunnskólakennari, umsjónarkennari, verkefnastjóri, sérkennari eða náms- og starfsráðgjafi tvöfalt B.ed/BA/BS próf eða MA/MS próf hækkar hann um tvo launaflokka.

Hafi leiðbeinandi, grunnskólakennari, umsjónarkennari, verkefnastjóri sérkennari eða náms- og starfsráðgjafi doktorspróf hækkar hann um þrjú launaflokka.

Eftir að lög um háskóla nr. 63/2006 tóku gildi var einingakerfi háskólastigsins breytt og eru allar einingar jafngildar ECTS einingum (European Credit Transfer System). Þetta þýddi að einingafjöldi einstakra námskeiða skv. fyrra einingakerfi háskóla var tvöfaldaður.

Grein 1.3.2 gildir frá og með 1. ágúst 2018.

6. PERSÓNUÁLAG VEGNA VIÐBÓTARMENNTUNAR LEIÐBEINENDA 3 OG 4

Ný grein 1.3.3 tekur gildi frá og með 1. ágúst 2018 og hljóðar svo:

1.3.3. Persónuálag vegna viðbótarmentunar leiðbeinenda 3 og 4.

Fyrir hverjar 30 ECTS einingar í háskólanámi, umfram grunnnám þ.e. 3 - 4 ár fær starfsmaður 2% persónuálag, enda nýtist námið í starfi.

Hækkun samkvæmt grein þessari skal taka gildi næstu mánaðamót eftir að starfsmaður leggur fram staðfest námsferilsyfirlit frá viðkomandi háskóla til vinnuveitanda. Á námsferilsyfirliti skal koma fram yfirlit yfir loknar ECTS einingar.

Meginreglan við mat á námi er sú að einingar eru aldrei tvítaldar og að námið nýtist í starfi. Hámark persónuálags samkvæmt greininni er 8%.

Starfsmenn sem fá menntun metna samkvæmt ofangreindu taka laun eftir launatöflu 1.

Grein 1.3.3 gildir frá og með 1. ágúst 2018.

7. ANNARUPPBÓT

Grein 1.7 breytist og hljóði svo:

1.7 ANNARUPPBÓT

1.7.1 Kennari í fullu starfi skal fá greidda annaruppbót (persónuuppbót) í lok hvernar annar, þ.e. 1. desember og 1. júní. Með fullu starfi er átt við 100% starf tímabilið 1. janúar til 31. desember. Hafi starfsmaður gegnt hlutastarfi skal hann fá greitt miðað við starfshlutfall og starfstíma. Við útreikning annaruppbótar er miðað við að haustönn sé 4,25 mánuðir og vorönn 5,25 mánuðir.

Annaruppbót 1. júní 2018	kr. 85.000,-
Annaruppbót 1. desember 2018	kr. 85.000,-
Annaruppbót 1. júní 2019	kr. 89.000,-

8. VINNUTÍMI KENNARA Í GRUNNSKÓLA

Grein 2.1.6.1 um vinnuskyldu kennara breytist og hljóði svo frá og með 1. ágúst 2018:

2.1.6.1 Vinnuskylda kennara

Vinnuskylda kennara í fullu starfi er 1800 stundir á ári og vikuleg vinnuskylda kennara í fullu starfi skal vera 40 klst. á viku til jafnaðar yfir árið. Á 37 vikna starfstíma skóla er vikuleg vinnuskylda hans 42,86 klst. Dagvinna er unnin á tímabilinu kl. 08:00 -17:00 frá mánudegi til föstudags, sbr. þó gr. 2.1.2. Við upphaf skólaárs skal skólastjóri ákveða dagleg mörk viðverutíma í samráði við kennara. Skal hann vera samfelldur og liggja innan marka dagvinnutímabils eftir því sem við verður komið. Viðverutími annar en kennsla skal þó aldrei vera utan dagvinnumarka nema með samþykki kennara.

Vinnutími kennara, skólasafnakennara og náms- og starfsráðgjafa skal vera samfelldur og unninn undir stjórn skólastjóra. Skólastjóri og kennari geta gert með sér samkomulag um að kennari inni af hendi hluta sinnar vinnu utan vinnustaðar. Markmiðið með þessum sveigjanleika er að koma til móts við þarfir skóla og kennara, t.d. hvað varðar starfsþróun, sérhæfðan undirbúning kennslu og önnur þau störf sem aðilar eru sammála um að eðlilegt sé að vinna utan vinnustaðar. Mikilvægt er að skapa gott vinnuumhverfi þannig að eftirsóknarvert sé að starfa á vinnustað.

Undirbúningsdagar fyrir upphaf og eftir lok starfstíma skóla eru samtals 8, sbr. gr. 2.1.5.2. Að auki eru 150 klst. til starfsþróunar og undirbúnings, sbr. gr. 10.2, þó þannig að orlofsréttur kennara hefur áhrif á þann tíma sem verja skal til starfsþróunar og undirbúnings.

Vinnuskýrsla skal gera í upphafi skólaárs og greinir frá skipulagningu vikulegrar vinnuskyldu kennara. Skólastjóra er heimilt að færa til störf innan daglegs vinnuramma, sbr. kjarasamning, greinar 2.1.2. og 2.1.6.1.

Í vinnuskýrslu kemur fram starfsheiti kennara, skipulag vikulegs vinnutíma, fyrirfram ákveðin yfirvinna og aðrir þættir sem nauðsynlegir eru fyrir launavinnslu vegna viðkomandi kennara.

Vinnuskýrsla getur tekið breytingum eftir aðstæðum með samþykki beggja aðila eða uppsögn með eins mánaðar fyrirvara. Leiði breytingin af sér lækkun launa verður vinnuskýrsla einungis breytt með þriggja mánaða fyrirvara.

Þó að grunnverkefni kennara séu þau sömu þá geta verkefnin verið ólík milli einstaklinga og skóla. Það er gagnkvæmur skilningur samningsaðila að skólastjórnendum beri að taka tillit til þess við skipulag vinnutíma kennara.

2,8 stundir sem skilgreindar eru sem frímínútur teljast til vinnutíma. Tíminn er fasti og er hann nýttur af kennara til ákveðinna verkefna sem kennsla og samskipti við nemendur og starfsmenn skólans kalla á. Eins og áður er tíminn m.a. ætlaður til eftirtalinnna verkefna:

- undirbúnings fyrir næstu kennslulotu
 - frágangs eftir kennslulotu
 - ferðalög milli kennslurýma og vinnuaðstöðu
 - persónulegra þarfa
 - samskipta og samráðs við aðra starfsmenn vegna mála sem ekki geta beðið þess tíma sem ætlaður er til samráðs
 - margþáttað aðstoð við nemendur við lok, á milli eða við upphaf kennslustundar.
- Frímínútur teljast ekki vinnuhlé eða viðbótar neysluhlé.

Vinnutíma kennara í fullu starfi er skipt í eftirtalda þætti:

- Kennsla, undirbúningur og úrvinnsla kennslu sem hafa forgang í starfi kennara.
- Önnur fagleg störf.
- Starfsþróun og/eða aukinn undirbúningur.

Skólastjóri ráðstafar vinnu kennara til þeirra faglegu starfa og verkefna sem starfsemi grunnskólans kallar á samkvæmt töflu 1.

Skólastjóri getur, í samráði við kennara, ákveðið að haga vikulegum vinnutíma með öðrum hætti en taflan greinir sbr. gr. 2.1.2. Þetta á t.d. við um kennslu í lotum þannig að kennsluframlag getur verið meira eða minna yfir ákveðið tilgreint tímabil þó þannig að meðalkennsluframlag yfir skólaárið helst óbreytt.

Dæmi um mismunandi vinnuskyldu eftir mismunandi kennsluframlagi.

TAFLA 1: SKIPTING ÁRLEGRAR VINNUSKYLDU Í KLST.			
Kennsla kest pr. viku	26 kest	24 kest	19 kest
Kennsla klst pr. viku	17,33	16	12,67
Undirbúningur og úrvinnsla kennslu	11,67	10,77	8,52
Önnur fagleg störf	8,14	10,37	13,95
Leiðsögn kennara sem njóta kennsluafsláttar	0	0	2
Frímínútur	2,8	2,8	2,8
Kaffitímar	2,92	2,92	2,92
Vikuleg vinnuskylda á starfstíma m.v. 37 vikur	42,86	42,86	42,86
Samtals vinnuskylda á starfstíma skóla:	1586	1586	1586
Undirbúningur utan starfstíma skóla	64	64	64
Starfsþróun / Aukinn undirbúningur	150	150	150
Árleg vinnuskylda:	1800	1800	1800

*Skýring vegna starfsþróunar og/eða aukins undirbúnings. Kennarar eldri en 30 ára ná þó í meðalári aðeins 126 klst. og þeir sem eru 38 ára og eldri ná aðeins 102 klst. í meðalári.

Kennsla, undirbúningur og úrvinnsla kennslu

Kennsla, undirbúningur og úrvinnsla kennslu sem kennari tekur að sér á hverjum tíma er að jafnaði 1.073 klst. á ári fyrir kennara í 100% starfshlutfalli sbr. tafla 1. Kennsluskylda er 26 kest. eða 17,33 klst. á viku m.v. fullt starf og 37 vikna starfstíma skóla. Undirbúningur er 11,67 klst á viku m.v. fullt starf án kennsluafsláttar og 37 vikna starfstíma skóla.

Við niðurröðun kennslu skal leitast við að hafa hana eins samfellda og kostur er.

Önnur fagleg störf

Önnur fagleg störf sem kennari sinnir eru 301 klst. á ári m.v. fullt starf í 37 vikna starfstíma skóla eða 8,14 klst á viku sbr. tafla1 án kennsluafsláttar. Skólastjóri ráðstafar tíma til annarra faglegra starfa og verkefna sem starfsemi grunnskólans kallar á.

Þess skal ávallt gætt að nægilegur tími sé til:

- Skráninga upplýsinga / upplýsingagjöf,
- foreldrasamskipta,
- samstarfsfunda innan og utan skólans,
- námsskrárvinnu,
- umsjónar og eftirlits með kennslurými.

Samráð skal haft milli kennara og skólastjóra um afmörkun verkefna og tímaramma þeirra. Rúmist verkefni ekki innan 8,14 klst. á viku skal greidd yfirvinna fyrir þann tíma sem umfram er.

Af 8,14 klst. á viku er skólastjóra heimilt að ráðstafa allt að 4 klst. að jafnaði vegna kennarafunda, samstarfsfunda (innan og utan skóla) og viðtalstíma. Í stað framangreinds geta komið önnur fagleg verkefni.

Ef eftirtalin verkefni rúmast ekki innan þess tíma sem ætlaður er til faglegra verkefna er heimilt að greiða fyrir þau með yfirvinnu:

- Umsjón með list- og verkgreinastofum
- Innkaup
- Viðhald búnaðar

Mikilvægt er að skólastjórnendur fylgist vel með því allt skólaárið hvernig kennarar sinna verkefnum sem þeim hafa verið falin og hvernig tímamörk standast. Komi í ljós að verkefni rúmast ekki innan tímamarka skulu verkefni eða tími til einstakra verkefna tekin til endurskoðunar og náí endar ekki saman í því efni skal greidd yfirvinna vegna umfram tímans.

Grein 2.1.6.1 gildir frá og með 1. ágúst 2018.

9. VINNUSKYLDA VEGNA NÁMSKEIÐA OG Í ÓHEFÐBUNDNU SKÓLASTARFI**Grein 2.1.6.2 breytist og hljóði svo frá og með 1. ágúst 2018:****2.1.6.2 Vinnuskylda vegna námskeiða og í óhefðbundnu skólastarfi**

Þá daga sem varið er til ýmissa starfa í þágu skóla er allur vinnutími kennara til ráðstöfunar í því skyni. Hér er átt við alla undirbúningsdaga kennara, námskeiðsdaga á vegum vinnuveitanda, nemendaferðir og daga sem nýttir eru til óhefðbundins skólastarfs s.s. þemadaga, íþróttadaga, ýmsa vettvangs- og ferðadaga og á sérstökum uppbrotsdögum. Uppbrotsdagar geta mest orðið 10

dagar á skólaárinu og skal tilgreina þá á skóladagatali. Æskilegt er að dreifa uppbrotsdögum á mismunandi vikudaga.

Uppbrotsdagar eru einstaka skóladagar þar sem stundatöflu nemenda er breytt verulega en upphaf og lok skóladags er því næst þau sömu. Það getur verið breytilegt á milli skóla og skólaára hversu margir þessir dagar eru. Þessa daga tekur vinnuframlag kennara mið af dagskrá og skipulagi uppbrotsdagsins. Að lokinni dagskrá uppbrotsdagsins hafa undirbúningur og úrvinnsla kennslu alltaf forgang.

Uppbrotsdagur getur verið hálfur dagur eða hluti dags. Í þeim tilfellum telst hann sem heill uppbrotsdagur og dregst af þeim heildarfjölda sem heimilt er að nota á hverju skólaári.

Skertir skóladagar nemenda teljast ekki til uppbrotsdaga og geta verið 10 talsins skv. ákvörðun menntamálaráðuneytis og er m.a. átt við skólasetningar- og skólaslitadaga, foreldraviðtalsdaga, jólaskemmtanir, íþrótt- og útivistardaga og annað sem skólastjóri ákveður í hverjum skóla. Þessa daga tekur vinnuframlag kennara mið af fjölda kennslustunda í stundatöflu kennara auk annarra faglegra starfa.

Grein 2.1.6.2 gildir frá og með 1. ágúst 2018.

10. NEMENDAFERÐIR, GREIÐSLUR FYRIR UMSJÓN

Grein 2.3.9 breytist og hljóði svo frá 1. ágúst 2018:

2.3.9 Nemendaferðir, greiðslur fyrir umsjón

Þegar kennarar ferðast með og annast nemendur á ferðalögum skal hver ferðadagur reiknast 12 klst., 8 dagvinnutímar og 4 yfirvinnutímar. Vegna næturgistingar á ferðalögum með nemendur greiðast auk þess 4 klst. í yfirvinnu.

Vegna ferðalaga með nemendur til eða frá útlöndum að nóttu til þar sem ferðatími er á tímabilinu kl. 00.00 – 07:00 eru greiddar 4 klst. í yfirvinnu.

Þegar um dagsferðir innanlands er að ræða er greidd yfirvinna samkvæmt vinnuframlagi.

Um lágmarkshvöld, sjá gr. 2.4 og fylgiskjal 2 með samningi þessum.

11. LEIÐSÖGN NÝLIÐA

Grein 2.3.12 breytist og hljóði svo frá og með 1. ágúst 2018:

2.3.12 Leiðsögn nýliða

Heimilt er að fela grunnskólakennara leiðsögn nýliða við þann skóla sem þeir starfa eða aðra skóla í sama sveitarfélagi. Nýliði telst sá sem ekki hefur verið á föstum mánaðarlaunum í a.m.k. hálfu starfi við kennslu í eitt ár eða lengur einhvern tíma á síðustu fimm árum.

Kennari sem tekur að sér leiðsögn nýliða samkvæmt ofangreindu fær eina kennslustund á viku í kennsluafslátt fyrir hvern nýliða þann tíma sem verkefnið varir.

Grein 2.3.12 gildir frá og með 1. ágúst 2018.

12. SKAÐABÓTAKRAFA

Ný grein 7.6 hljóði svo og gildir frá og með 1. júní 2018:

- 7.6 Skaðabótakrafa
- 7.6.1 Starfsmaður sem í starfi sínu sinnir einstaklingi sem að takmörkuðu eða jafnvel engu leyti getur borið ábyrgð á gerðum sínum á rétt á að beina skaðabótakröfu sinni vegna líkams- eða munatjóns að launagreiðanda. Við mat og uppgjör kröfunnar gilda almennar reglur skaðabótaréttarins.

Grein 7.6 gildir frá og með 1. júní 2018.

13. STARFSÞRÓUN

Greinar 10.1 og 10.2 breytast og hljóða svo:

10.1 STARFSÞRÓUNARSAMTÖL

- 10.1.1 Skólastjóri skal setja fram drög að starfsþróunaráætlun fyrir starfsmenn sína árlega til að tryggja eðlilega starfsþróun og símenntun starfsmanna. Drögin skulu lögð fram fyrir 1. janúar ár hvert vegna næsta skólaárs. Starfsmaður á rétt á starfsþróunarsamtali árlega þar sem farið er yfir starfslýsingu, frammistöðu, markmið og hugsanlegar breytingar á störfum og rætt um starfið, væntingar, samstarf, samráð og starfsanda á vinnustað. Þá skulu einnig ræddar þarfir og óskir starfsmanns til þjálfunar og fræðslu.

10.2 STARFSÞRÓUNARÁÆTLUN OG SÍMENNTUN

- 10.2.1 Það er jafnt á ábyrgð starfsmanns og skólastjóra að bæta fagþekkingu og aðra sérþekkingu sem nauðsynleg er í starfi. Símenntun kennara skal vera í samræmi við starfsþróunaráætlun skólans og þær áherslur sem eru á hverjum tíma í umbótastarfi skóla. Skólastjóri getur ákveðið að einstakir kennarar eða kennarahópar sækji skilgreinda fræðslu. Með sveigjanlegu upphafi og lokum skólustarfs má skapa svigrúm til að kennarar geti sótt símenntun í auknum mæli á starfstíma skóla. Símenntun/undirbúningur utan starfstíma skóla skal vera í samræmi við starfsþróunaráætlun skóla og undir verkstjórn skólastjóra.

Tími til starfsþróunar markast af samningsbundnum 150 (126/102) klst. á ári til símenntunar og undirbúnings kennara. Starfsþróun, sem hluti af 150 (126/102) klst., er almennt ætlaður tími utan við skipulagðan starfsramma skólaársins en einnig er heimilt að koma henni við á starfstíma skóla, eftir nánara samkomulagi við kennara.

Starfsþróun kennara má skipta í tvo meginþætti: Þættir sem eru nauðsynlegir fyrir skólann annars vegar og hins vegar þættir sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi.

Í þeim tilfellum sem kennari sækir sér nám á háskólastigi sem nýtist í starfi er æskilegt að skólastjóri heimili kennara að nota hluta þeirra 150 klst. sem ætlaðar eru til starfsþróunar / undirbúnings kennara til námsins.

Hverjum skóla er skylt að gera starfsþróunaráætlun sem nær að lágmarki til næsta skólaárs og skulu drög að henni kynnt kennurum í síðasta lagi 1. janúar ár hvert vegna næsta skólaárs. Heimilt er að leggja fram starfsþróunaráætlun til lengri tíma eða allt að þriggja ára. Breytingar sem kunna að verða á starfsþróunaráætlunum sem ná til lengri tíma en eins árs skulu kynntar kennurum fyrir 1. janúar ár hvert vegna næsta skólaárs. Í drögunum skal a.m.k. liggja fyrir áætlun um hvaða dagar eru ætlaðir til sameiginlegrar starfsþróunar. Skólastjóri ákvarðar almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum næsta vetrar og/eða þróunarvinnu næsta vetrar á grundvelli sjálfsmats skóla.

Kennurum er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á skv. starfsþróunaráætlun skóla enda sé hún gerð skv. ákvæðum kjarasamnings og kennurum að kostnaðarlausu.

Endanleg ákvörðun er í höndum skólastjóra.

10.3 VIÐBÓTARLAUNAFLOKKAR VEGNA KENNSLUFERILS, LÍFALDURS EÐA STARFSÞRÓUNAR

Grein 10.3 breytist frá og með 1. ágúst 2018 og hljóði svo:

10.3 Starfsmaður sem tekur virkan þátt í starfsþróunaráætlun og viðheldur þekkingu sinni og færni fær hærri laun en ella. Þannig hækkar röðun allra starfsheita sem hér segir:

Kennarar sem hafa afsalað sér kennsluafslætti sbr. grein 2.5.2.1 fá tvo launaflokka eftir 5 ára kennsluferil, tvo til viðbótar eftir 10 ára kennsluferil og tvo að auki eftir 15 ára kennsluferil.

Kennarar sem hafa ekki afsalað sér kennsluafslætti sbr. gr. 2.5.2.1 fá einn launaflokk eftir 5 ára kennsluferil, annan eftir 10 ára kennsluferil og þann þriðja eftir 15 ára kennsluferil.

Eftirfarandi gildir um kennara sem sem voru í starfi 17. nóvember 2004 og völdu að taka laun útfrá lífaldri:

Kennarar sem hafa afsalað sér kennsluafslætti sbr. grein 2.5.2.1 fá fá tvo launaflokka við 35 ára aldur, tvo til viðbótar við 40 ára aldur og tvo að auki við 45 ára aldur.

Kennarar sem hafa ekki afsalað sér kennsluafslætti sbr. gr. 2.5.2.1 fá einn launaflokk við 35 ára aldur, einn til viðbótar við 40 ára aldur og einn að auki við 45 ára aldur.

Heimilt er kennara sem var í starfi þann 17. nóvember 2004 að velja að miða við kennsluferil skv. 1. mgr.

Breyting tekur gildi næstu mánaðarmót eftir að tilkynning berst launagreiðenda.

Kennarar fá einn launaflokk eftir 20 ára kennsluferil.

Kennarar sem völdu lífaldursleið árið 2004 fá einn launaflokk við 50 ára aldur. Launahækkun vegna starfsþróunar skal miðast við upphaf næsta mánaðar eftir afmælisdag eða eftir að tilskildum kennsluferli er náð nema skólastjóri hafi tilkynnt launagreiðanda að viðkomandi hafi ekki uppfyllt skyldur sínar í samræmi við endurmenntunaráætlun. Kennari ber ábyrgð á að upplýsingar um kennsluferil berist skóla.

Framangreind skýring á ekki við um þá þrjá launaflokka sem kennarar ávinna sér vegna afsals kennsluafsláttar sbr. 2. og 5. mgr.

Grein 10.3 gildir frá og með 1. ágúst 2018.

14. SAMSTARFSNEFND

Kafli 11 breytist og hljóði svo:

11.1 SAMSTARFSNEFND

11.1.1 Hlutverk samstarfsnefndar

Samstarfsnefnd er formlegur vettvangur samskipta samningsaðila á gildistíma kjarasamnings. Nefndin hefur það hlutverk að fjalla um framkvæmd og túlkun kjarasamnings, úrskurða í ágreiningsmálum og vinna úr bókunum með kjarasamningi milli kjaraviðræðna.

Starf samstarfsnefndar liggur að jafnaði niðri meðan kjaraviðræður standa yfir.

11.1.2 Skipan samstarfsnefndar

Samningsaðilar hvor um sig skipa þrjá fulltrúa í samstarfsnefnd og þrjá til vara. Aðilar tilkynni gagnaðila formlega um skipan fulltrúa í nefndinni.

11.1.3 Framlagning erinda og málsmeðferð

Erindum sem vísað er til úrskurðar samstarfsnefndar ber að fylgja greinargerð, ásamt tilheyrandi fylgiskjöllum, þar sem ágreiningsefni eru skilgreind og sjónarmið hlutaðeigandi aðila eru rakin. Áðurnefnd gögn skulu berast samstarfsnefnd a.m.k. þremur dögum fyrir boðaðan samstarfsnefndarfund.

11.1.4 Ákvarðanir og úrskurðir samstarfsnefndar

Samstarfsnefnd skal að jafnaði svara erindum innan fimm vikna frá því að þau voru fyrst borin formlega fram á fundi nefndarinnar.

Verði samstarfsnefnd sammála um niðurstöðu gildir hún frá og með næstu mánaðamótum eftir að erindið var fyrst kynnt gagnaðila með sannanlegum hætti nema annað sé sérstaklega ákveðið.

Fundargerðir samstarfsnefndar eru birtar á heimasíðum samningsaðila.

15. TÆKNIFRJÓVGUN

Ný grein 13.2.11 tekur gildi frá og með 1. ágúst 2018 og hljóði svo:

13.2.11 Tæknifrjógungun

Þeim starfsmönnum sem eru fjarverandi vegna tæknifrjógungunar verði greidd dagvinnulaun og eftir atvikum vaktaálag skv. reglubundinni varðskrá (eins og vegna veikinda barns) í allt að 15 vinnudaga ef nauðsyn krefur. Starfsmaður skili vottorði frá viðkomandi lækni sem framkvæmir tæknifrjógunguna eða þeim lækni sem sendir starfsmanninn í þessa aðgerð en þá verður það að koma fram á vottorðinu að um slíka ákvörðun sé að ræða.

Grein 13.2.11 gildir frá og með 1. ágúst 2018.

16. GILDISTÍMI OG SAMNINGSFORSENDUR

15.1 Samningsaðilar gera með sér svofellt samkomulag um breytingar og framlengingu kjarasamnings aðila sem gildir frá 1. desember 2017 til 30. júní 2019.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til afgreiðslu fyrir 6. júní 2018. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 16:00 þann 6. júní 2018 skoðast samningurinn samþykktur.

Reykjavík, 25. maí 2018.

F.h. samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga með með fyrirvara um samþykki stjórnar.

F.h. Félags grunnskólakennara grunnskólakennara með fyrirvara um samþykki félagsmanna.

17. BÓKANIR

BÓKUN 1 [2018]

Eftirfylgd með umbótaáætlunum sveitarfélaga

Í kjarasamningum aðila árið 2016 voru samningsaðilar sammála um að fela hverju sveitarfélagi að fara yfir innra starf skóla og þeim verkefnum sem grunnskólinn sinnir til að tryggja að kennsla og undirbúningur fái forgangi í skólastarfi og finna leiðir til að létta álagi af kennurum eins og við á. Þessari vinnu sveitarfélaga lauk á haustmánuðum 2017. Fyrir liggja umbótaáætlanir sveitarfélaga þar sem stefnt er að því að styðjast við framkomnar upplýsingar til að ná framangreindum markmiðum.

Samningsaðilar eru sammála um að mikilvægt sé að fylgja eftir framgangi umbótaáætlana sveitarfélaga. Samstarfsnefnd er falið að taka ákvörðun um hvernig eftirfylgd verður háttáð og skal það liggja fyrir 1. september 2018.

BÓKUN 2 [2018]

Úttekt á störfum skólasafnskennara

Samstarfsnefnd aðila er falið að kanna fyrirkomulag starfa á skólasöfnum og í upplýsingamiðstöðvum grunnskóla. Grein 2.1.6.3, störf kennara á skólasafni, verði í framhaldinu tekin til skoðunar þyki ástæða til.

BÓKUN 3 [2018]

Trygging raddar

Samstarfsnefnd verði falið að kanna hvort hægt sé að kaupa tryggingar vegna varanlegs skaða á rödd sem gerir kennara óvinnufæran til kennslustarfa og leggja mat á kostnað vegna kaupa á slíkri tryggingu. Skoðun þessari skal ljúka á samningstímanum. Ákvörðun um framhald málsins verður tekin af samstarfsnefnd aðila.

BÓKUN 4 [2018]

Samstarf við menntamálayfirvöld

Samband íslenskra sveitarfélaga og Félag grunnskólakennara munu í sameiningu óska eftir viðræðum við Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Menntamálastofnun um hvernig staðið hefur verið að innleiðingu nýrra verkefna og breytinga í grunnskólum t.d. á námsmati og aðalnámsskrá með það að markmiði að bæta verklag svo grunnskólinn geti tekið við verkefnum frá ríkinu og framkvæmt þau.

Aðilar telja mikilvægt að breytingar sem gerðar eru á starfsumhverfi grunnskóla með stjórnvaldsákvörðunum byggist á faglegum grunni og verði unnar í samráði og sátt við hagsmunaaðila og fjármagn sé tryggt vegna allra breytinga áður en þær eru innleiddar.

BÓKUN 5 [2018]

Launaröðun starfsheita

Samningsaðilar munu á samningstímanum skoða launaröðun starfsheita innan kjarasamningsins og hvort umbuna eigi fyrir mismunandi ábyrgð og álag með öðrum hætti en nú er gert.

18. FYLGISKJAL 1: LAUNATÖFLUR

LAUNATAFLA 1										
Félag grunnskólakennara										
Gildir frá 1. ágúst 2018 til 30. júní 2019										
	Launa- flokkur	Grunn- laun	Persónu- álag 2%	Persónu- álag 4%	Persónu- álag 6%	Persónu- álag 8%	Persónu- álag 10%	Persónu- álag 12%	Persónu- álag 14%	Persónu- álag 16%
Leiðbeinandi 1	226	384.069	391.750	399.432	407.113	414.795	422.476	430.157	437.839	445.520
	227	393.929	401.808	409.686	417.565	425.443	433.322	441.200	449.079	456.958
Leiðbeinandi 2	228	404.080	412.162	420.243	428.325	436.406	444.488	452.570	460.651	468.733
Leiðbeinandi 3										
Leiðbeinandi 4	229	414.541	422.832	431.123	439.413	447.704	455.995	464.286	472.577	480.868
	230	425.316	433.822	442.329	450.835	459.341	467.848	476.354	484.860	493.367
	231	436.411	445.139	453.867	462.596	471.324	480.052	488.780	497.509	506.237
	232	447.839	456.796	465.753	474.709	483.666	492.623	501.580	510.536	519.493
Grunnskólakennari	233	459.609	468.801	477.993	487.186	496.378	505.570	514.762	523.954	533.146
Danskennari	234	471.735	481.170	490.604	500.039	509.474	518.909	528.343	537.778	547.213
Umsjónarkennari	235	484.225	493.910	503.594	513.279	522.963	532.648	542.332	552.017	561.701
Sérkennari										
Náms- og starfsráðgjafi 1	236	497.087	507.029	516.970	526.912	536.854	546.796	556.737	566.679	576.621
	237	510.338	520.545	530.752	540.958	551.165	561.372	571.579	581.785	591.992
Náms- og starfsráðgjafi 2	238	523.982	534.462	544.941	555.421	565.901	576.380	586.860	597.339	607.819
Verkefnisstjóri 1	239	538.037	548.798	559.558	570.319	581.080	591.841	602.601	613.362	624.123
	240	552.515	563.565	574.616	585.666	596.716	607.767	618.817	629.867	640.917
Verkefnisstjóri 2	241	567.429	578.778	590.126	601.475	612.823	624.172	635.520	646.869	658.218
	242	582.785	594.441	606.096	617.752	629.408	641.064	652.719	664.375	676.031
	243	598.606	610.578	622.550	634.522	646.494	658.467	670.439	682.411	694.383
	244	614.902	627.200	639.498	651.796	664.094	676.392	688.690	700.988	713.286
	245	631.685	644.319	656.952	669.586	682.220	694.854	707.487	720.121	732.755
	246	648.974	661.953	674.933	687.912	700.892	713.871	726.851	739.830	752.810
	247	666.778	680.114	693.449	706.785	720.120	733.456	746.791	760.127	773.462
	248	685.117	698.819	712.522	726.224	739.926	753.629	767.331	781.033	794.736
	249	704.007	718.087	732.167	746.247	760.328	774.408	788.488	802.568	816.648
	250	723.463	737.932	752.402	766.871	781.340	795.809	810.279	824.748	839.217
	251	743.248	758.113	772.978	787.843	802.708	817.573	832.438	847.303	862.168
	252	763.571	778.842	794.114	809.385	824.657	839.928	855.200	870.471	885.742
	253	784.451	800.140	815.829	831.518	847.207	862.896	878.585	894.274	909.963
	254	805.903	822.021	838.139	854.257	870.375	886.493	902.611	918.729	934.847
	255	827.939	844.498	861.057	877.615	894.174	910.733	927.292	943.850	960.409

LAUNATAFLA 2		
Félag grunnskólakennara		
Gildir frá 1. júní 2018 til 30. júní 2019		
	Launaflokkur	Grunnlaun
Leiðbeinandi 1	226	384.069
	227	393.929
Leiðbeinandi 2 / Leiðbeinandi 3	228	404.080
Leiðbeinandi 4	229	414.541
	230	425.316
	231	436.411
	232	447.839
Grunnskólakennari / Danskennari	233	459.609
	234	471.735
Umsjónarkennari / Sérkennari	235	484.225
Náms- og starfsráðgjafi 1	236	497.087
	237	510.338
Náms- og starfsráðgjafi 2 / Verkefnisstjóri 1	238	523.982
	239	538.037
	240	552.515
Verkefnisstjóri 2	241	567.429
	242	582.785
	243	598.606
	244	614.902
	245	631.685
	246	648.974
	247	666.778
	248	685.117
	249	704.007
	250	723.463
	251	743.248
	252	763.571
	253	784.451
	254	805.903
	255	827.939